



Tillögur stjórnar Skaga hf.

Fyrir aðalfund félagsins þann 27. mars 2025



Tillögur stjórnar Skaga hf.

til aðalfundar félagsins þann 27. mars 2025

Dagskrárliður 2

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2024 verði samþykktur.

Greinargerð:

Finna má ársreikning samstæðunnar vegna ársins 2024 á vefsíðu Skaga; www.skagi.is/fjarfestar. Ársreikningurinn verður kynntur af forstjóra Skaga, Haraldi I. Þórðarsyni.

Dagskrárliður 3

Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins og greiðslu arðs.

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur um 0,2637 kr. á hlut fyrir reikningsárið 2024 sem jafngildir 500 milljón krónum, að teknu tilliti til eigin bréfa. Arðsákvörðunardagur er 27. mars 2025 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 31. mars 2025 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 28. mars 2025 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 1. apríl 2025 (arðgreiðsludagur).

Greinargerð:

Skagi hefur skilgreint áhættuvilja samstæðu samkvæmt áhættustefnu. Samkvæmt áhættustefnu Skaga þá er áhættuviljinn tilgreindur með viðmið að gjaldþolshlutfall samstæðu sé ávallt að lágmarki 1,25. Gjaldþol tryggingarekstrar um áramót er 1,38. Arðgreiðslustefna félagsins skv. stefnu stjórnar um fjármagnsskipan og greiðslur til hluthafa mælir fyrir um að greiða skuli að lágmarki 40% af hagnaði síðasta árs eftir skatta til hluthafa. Stefnan gerir ráð fyrir að víkja megi frá 40% lágmarksarðgreiðslu með vísan til innri- eða ytri vaxtar innan samstæðu sem samrýmist yfirlýstri stefnu félagsins um vöxt og fjölgun tekjustoða. Arðgreiðslufjárhæð skal þó aldrei leiða til lægra gjaldþolshlutfalls eftir greiðslu arðs en áhættuvilji félagsins segir til um. Gjaldþolshlutfall samstæðunnar er 1,35 í árslok 2024 en að teknu tilliti til arðgreiðslu er hlutfallið 1.32 í árslok 2024. Arðgreiðsla hefur ekki áhrif á gjaldþol tryggingarekstrar.

Dagskrárliður 4

Samþykkt starfskjarastefnu félagsins

Stjórn leggur til að starfskjarastefna félagsins eins og hún er lögð fram af stjórn fyrir aðalfund verði samþykkt.

Greinargerð:

Stjórn félagsins tók starfskjarastefnu þess til heildarendurskoðunar á síðasta aðalfundi í ljósi þeirra breytinga sem höfðu átt sér stað hjá félaginu á liðnu ári og þeirra sem voru þá enn yfirstandandi. Samstæðan hefur nú tekið á sig þá formlegu mynd sem lagt var upp með við samruna VÍS og Fossa, en lokaskref þeirrar endurskipulagningar fór fram með færslu tryggingarekstrar félagsins í dótturfélagið VÍS tryggingar hf. sem tók gildi þann 1. janúar 2025. Félagið gengur út frá því að það muni verða skilgreint sem fjármálasamsteypa skv. lögum nr. 61/2017 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, og muni því hvorki váttryggingafélag líkt og fyrr né fjármálafyrirtæki.

Þær breytingar sem lagðar eru til á starfskjarastefnu félagsins eru gerðar til samræmis við breytta skilgreiningu félagsins, en einnig til frekari einföldunar á orðalagi. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Umfjöllun um starfskjarastefnur dótturfélaga sem áður var að finna í kafla 3 er dregin sérstaklega fram í kafla 2.
- Hlutverki starfskjaranefndar er nánar lýst með tilliti til þess að nefndin starfar á samstæðugrunni. M.a. er mælt fyrir um að nefndin móti ramma um kaupaukakerfi allra félaga innan samstæðunnar og starfskjör framkvæmdastjórnar allra félaga í samstæðu.
- Lítillegar breytingar á orðalagi um starfskjör stjórnar- og nefndarmanna og mælt fyrir um sömu kröfur til þóknunar vegna starfa í öðrum stjórnnum innan samstæðunnar.
- Smávægilegar orðalagsbreytingar í almennum kafla um starfskjör (nú 4.2.) með skírskotun til dótturfélaga og einföldun á orðalagi.
- Kaflar um starfskjör forstjóra annars vegar og framkvæmdastjóra og annað lykilstarfsfólk hins vegar sameinaðir (nú 4.3.) og mælt fyrir um samþykkt starfskjaranefndar á launaramma fyrir framkvæmdastjóra innan samstæðunnar. Einnig er orðalagi um bann við greiðslu kaupauka til regluvörslu og áhættustýringar breytt og það gert opnara m.t.t. tilvísunar til laga og starfsheita, enda er félaginu ekki lengur skylt til að skipa skilgreindar eftirlitseiningar í 2. varnarlínu og óvíst um hvaða kröfur verði að öðru leyti gerðar til félagsins í nýskilgreindu formi.

- Kafli um kaupaukakerfi (nú kafli 5) einfaldaður en vísað til kaupaukareglna sem settar voru á liðnu ári hvað varðar útfærslur og nánari kröfur til kaupaukakerfa innan félagsins. Reglurnar eru birtar hluthöfum á heimasíðu félagsins. Bætt er við nýju ákvæði (grein 5.1) sem fjallar um kaupaukareglurnar og kröfur til þeirra.
- Upptalning á lagakröfum kaupréttaráætlunar skv. 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 tekin út. Skilmálar kaupréttaráætlunar eru birtir hluthöfum þegar slíkar áætlanir eru settar og eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins.
- Í kafla 8 eru settar fram kröfur til stjórnar félagsins um reglubundið mat á því hvort starfskjarastefna uppfylli ákvæði viðeigandi laga og hafi eftirlit með framkvæmd stefnunnar.
- Bætt hefur verið við stefnuna kafla um það hvernig starfskjarastefna Skaga samrýmist sjónarmiðum um samþættingu sjálfbærniáhættu.

Í kaupaukakerfi sem stjórn hefur samþykkt fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir kaupaukakerfi starfsmanna samstæðu Skaga sem byggir á skilgreindum árangursviðmiðum þar sem kaupauki reiknast sem hlutfall af árslaunum, ýmist allt að 10% eða allt að 25% af heildarárslaunum, eftir eðli starfa. Tilgangurinn með kaupaukakerfi félagsins er sem fyrr sá að samtvinna enn betur hagsmuni félagsins og starfsfólks til lengri tíma. Dótturfélög í samstæðunni hafa hvert fyrir sig samþykkt kaupaukakerfi sem byggir á reglum Skaga um kaupauka og fara eftir þeim ramma sem starfskjaranefnd Skaga hefur sett fram. Áhersla er lögð á vægi arðsemi Skaga sem forsendu fyrir greiðslu kaupauka hjá öllum félögum samstæðunnar, auk mælikvarða um arðsemi og frammistöðu hvers dótturfélags og viðkomandi starfsmanns.

Starfskjarastefnan með tillögum að breytingum er aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Dagskrárliður 5

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Tillaga um breytingu á heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár vegna kaupréttakerfis og niðurfelling forgangsréttar

Lagt er til að bráðabirgðarákvæði II í núgildandi samþykktum félagsins verði bráðabirgðarákvæði I og hljóði með eftirfarandi hætti:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í áföngum um samtals allt að kr. 65.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins sem staðfest hefur verið af Skattinum í samræmi við 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og/eða til að mæta hlutabréfatengdum réttindum vegna kaupaukakerfis félagsins. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar og skulu sömu ákvæði og kveðið er á um í samþykktum þessum að öðru leyti gilda um nýútgefna hluti í félaginu. Heimildin gildir til 21. mars 2029, að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark. Hluthafar falla frá forgangsrétti að hinum nýju hlutum samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Kaupgengi hlutanna og aðrir skilmálar skulu vera í samræmi við efni kaupréttarsamninga og samþykpta kaupréttaráætlun. Stjórn félagsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við hlutafjárhækkun samkvæmt heimild þessari.“

Greinargerð með tillögu:

Framangreint bráðabirgðarákvæði kom fyrst inn í samþykktir félagsins á aðalfundi á síðasta ári. Ákvæðið helst í hendur við starfskjarastefnu félagsins og þjónar einkum þeim tilgangi að skjóta stoðum í samþykktum undir heimild stjórnar til að gera samninga við starfsmenn um hlutabréfatengda gerninga vegna greiðslu kaupauka í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins. Nú er lögð til smávægileg breyting á orðalagi heimildarinnar þar sem eftirfarandi setningin í ákvæðinu eins og það var samþykkt á síðasta ári: „...og/eða til að mæta kaupréttum vegna kaupaukakerfis félagsins“ verði breytt í: „og/eða til að mæta hlutabréfatengdum réttindum vegna kaupaukakerfis félagsins“. Samkvæmt starfskjarastefnu er heimilt að greiða kaupauka í formi reiðufjár, hlutabréfa í Skaga hf., kaupréttar í Skaga hf. eða blöndu af framangreindu. Fyrri orðalag þótti ekki veita fullnægjandi heimild til útgáfu hlutafjár til að mæta greiðslu kaupauka með afhendingu hlutabréfa í Skaga. Rétt er að benda á að líkt og á síðasta ári er í dagskrárlið 11 óskað eftir endurnýjun heimildar til kaupa á eigin hlutum sem felur í sér heimild til að nýta hluta af þeim hlutabréfum sem keypt eru í gegnum endurkaupaáætlun til að efna samninga um kaupauka í formi hlutabréfatengdra réttinda við starfsmenn. Þannig gefst stjórn svigrúm til að meta hvort eigin hlutir eða nýir hlutir verði nýttir til að efna slíka samninga. Að öðru leyti vísast til tillögu stjórnar að starfskjarastefnu félagsins.

Dagskrárliður 6

Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar

Lagt er til að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 507.000,- fyrir almennan stjórnarmann og að þóknun stjórnarformanns verði tvöföld sú fjárhæð. Varastjórnarmenn fái greidda eingreiðslu sem nemur einum mánaðarlegum stjórnarlaunum í upphafi starfsárs og að auki kr. 137.000,- fyrir hvern fund sem þeir mæta á.

Lagt er til að föst mánaðarleg þóknun fyrir störf í undirnefndum stjórnar verði kr. 86.000,- á mánuði, en formenn nefnda fái greidda tvöfalda þóknun á við aðra nefndarmenn:

Þóknun fyrir störf í tilnefningarnefnd verði óbreytt, eða kr. 95.000 á mánuði og tvöföld þóknun fyrir formann nefndar.

Greinargerð með tillögu: Lagt er til að stjórnar- og nefndarlaun taki hóflegum hækkunum, 3,5% í takt við kjarasamningshækkun á almennum vinnumarkaði og formaður fái tvöföld mánaðarleg nefndarlaun. Lagt er til að nefndarlaun í undirnefndum stjórnar Skaga, þ.e. endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd verði þau sömu, sem endurspeglar vinnuframlag vegna starfa nefndarmanna í hvorri nefnd um sig. Athygli er vakin á því að ekki er gert ráð fyrir því að starfrækt verði áhættunefnd stjórnar félagsins, með vísan til breyttrar skilgreiningar þess. Áhættunefndir verða starfandi sem undirnefndir dótturfélaganna VÍS trygginga og Fossa fjárfestingarbanka.

Dagskrárliður 7

Kosning stjórnar félagsins

Samkvæmt samþykktum félagsins skal kjósa fimm aðalmenn til stjórnar og tvo til vara fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur til setu í stjórn Skaga rennur út kl. 16:00 laugardaginn 22. mars nk.

Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík fyrir fyrrgreindan tíma. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnarsetu verða aðgengilegar á vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund, auk þess sem þær verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins.

Dagskrárliður 8

Kosning endurskoðunarfélags

Stjórn leggur til að KPMG ehf. verði kjörið endurskoðunarfélag Skaga.

Greinargerð:

Þar sem núverandi endurskoðandi félagsins hefur náð hámarks árafjölda áritunar fyrir félagið var ákveðið að fara í tilboðsferli vegna endurskoðunar samstæðu félagsins síðastliðið haust. Þrjú endurskoðendafélög tóku þátt í ferlinu með tilboðsgerð og kynningu á reynslu og nálgun. Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að KPMG ehf. verði kjörið endurskoðunarfélag Skaga, byggt á mati á þeim tilboðum sem bárust og kynningu þeirra.

Dagskrárliður 9

Kosning tilnefningarnefndar

Samkvæmt samþykktum félagsins skal kjósa þrjá nefndarmenn í tilnefningarnefnd félagsins fyrir komandi starfsár. Eyðublað vegna framboðs má finna á vefsíðu félagsins. Senda skal undirritað eyðublað á tölvupóstfangið stjorn@skagi.is eða skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 3, Reykjavík. Framboðsfrestur til setu í tilnefningarnefnd Skaga rennur út kl. 16:00 laugardaginn 22. mars nk.

Dagskrárliður 10

Kosning nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins

Stjórn leggur til að eftirfarandi aðilar verði kjörnir til setu í endurskoðunarnefnd félagsins:

- Knútur Þórhallsson, kt. 230465-5419, formaður nefndar.
- Guðný Arna Sveinsdóttir, kt. 090266-3069, stjórnarmaður Fossa fjárfestingarbanka.

Greinargerð:

Samkvæmt 2. mgr. 108gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, er gerð krafa um að utanaðkomandi meðlimir endurskoðunarnefndar félaga skuli tilnefndir á aðalfundi. Stjórn félagsins hefur ákveðið að einn meðlimur endurskoðunarnefndar skuli sem fyrr vera aðili utan samstæðu félagsins, þ.e. aðili sem er ekki stjórnarmaður félagsins eða dótturfélaga þess. Auk þess leggur stjórn til að tilnefndur stjórnarmaður Fossa fjárfestingarbanka verði kjörinn sem nefndarmaður í endurskoðunarnefnd til að tryggja fullnægjandi þekkingu og innsýn inn í starfsemi og reikningsskil bankans.

Dagskrárliður 11

Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum, eða til og með 27. september 2026, hluti í félaginu, þannig að félagið ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutfé þess. Heimildin skal nýtt í þeim tilgangi i) að koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun, iii) að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum.

Tilgangur endurkaupa skal eingöngu vera að lækka hlutfé útgefanda eða mæta skuldbindingu vegna kaupréttarsamninga á grundvelli kaupréttaráætlunar skv. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og til að mæta skuldbindingum vegna kaupauka í formi hlutabréfatengdra réttinda til starfsmanna skv. starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins.

Heimild til endurkaupa á eigin hlutum sem felur í sér lækkun á gjaldþolsliðum félagsins er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði á Nasdaq Iceland, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil er þau eru gerð af viðskiptavaka skv. lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.“

Greinargerð með tillögu:

Stjórn óskar eftir nýrri heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Lækkun hlutafjár í kjölfar endurkaupa verður ekki framkvæmd nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Síðari málslíður 2. mgr. ákvæðisins er nátengdur starfskjarastefnu félagsins og þjónar þeim tilgangi að skjóta stoðum í samþykktum félagsins undir heimild stjórnar til að gera samninga við starfsmenn á grundvelli kaupréttaráætlunar skv. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og samninga við stjórnendur um hlutabréfatengd réttindi vegna kaupauka í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins.

Skal stjórn miða við að forsendur fyrir endurkaupum á hverjum tíma séu að sjálfbærni félagsins til framtíðar sé tryggð, að gjaldþolshlutfall félagsins haldist innan skilgreinds áhættuvilla stjórnar og að lausafjárstaða verði áfram sterk.